

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 17. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0013
BK

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Gröf II í Hvalfjarðarsveit

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 20. febrúar 2024, þar sem Hvalfjarðarsveit óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gröf II. Gert er ráð fyrir að byggja aðalhús/starfsmannahús og sex smáhýsi vegna fyrirhugaðrar gististarfsemi á landinu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og þar sem umrædd framkvæmd er ekki mjög umfangsmikil og að mestu á fremur rýru landi nærri umferðarþungum vegi, þá gerir stofnunin ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi en hvetja til þess að raski við framkvæmdir verði haldið í lágmarki.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

